

Scandinavia Today:

„Aldrei fengið jafnmikið fyrir jafnlítið“

Spjallað við Tómas Karlsson og Kristin Hallsson o.fl.

SCANDINAVIA Today, menningarkynningin mikla, verður opnuð af Vigdísí Finnbogadóttur forseta Íslands í byrjun september á þessu ári vestur í Bandaríkjunum. Á þessari menningarkynningu Norðurlandanna verða sex meginlistsýningar þar sem Norðurlöndin fimm, Ísland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland, sýna verk í sameiningu, en auk

þess verða sýningar undir hatti menningarkynningarinnar, Scandinavia Today, sem hver þjóð Norðurlandanna verður með, sem eigið framlag til viðbótar, og þá munu löndin ráða hvers eðlis þær sýningar verða og fjármagna þær. Sem dæmi um slíka sýningu er handritasýning Íslendinga í Pierpoint Morgan-safninu í New York.

Menningarkynningunni er stjórnad af The Amerikan-Scandinavian Foundation og leggja Bandaríkjamenn tvo þriðju kostnaðar til kynningarinnar en Norðurlöndin einn þriðja. Hluttur Íslendinga í fjármögnun sýningarinnar er lítill, ekki nema 0,25 prósent af heildarkostnaði, sem er um fjórar milljónir Bandaríkjadala. Þessar upplýsingar fengust hjá þeim Tómasi Karlssyni og Kristni Hallssyni, en þeir eiga sæti í sameiginlegri nefnd Norðurlandanna fimm, sem fjallar um kynninguna. Blaðamaður Morgunblaðsins hitti þá að máli einn daginn og bað þá að rekja í fyrstu upphaf og tilurð Scandinavia Today.

Þeir sögðu að í upphafi hafi komið fyrirspurn frá Bandaríkjunum á fund menntamálaráðherra Norðurlandanna í Ósló um hvort Norðurlöndin vildu vera þátttakendur í „prógrammi“, sem kallað er „Today“ í Bandaríkjunum og hefur verið í gangi í nokkur ár þar vestra. Það er kynning á menningu ýmissa landa og var ákveðið að þessi norræna kynning yrði síðust af sex samskonar kynningum. Áður hafði verið kynnt Japan Today og Belgía, Kanada, Mexíkó og Egyptaland og nú síðast Norðurlöndin.

Þegar samþykkt hafði verið að Norðurlöndin tækju þátt í menningarkynningunni Scandinavia Today, var boðið kynnt listasamtökum í hverju landi fyrir sig, og þau beðin um að velja sér tengiliði sem svo hefðu samband við þá aðila sem skipuleggja eða velja verk á hinar ýmsu sýningar. Lokaval er síðan í höndum listfræðinga, sem bandarísk söfn samþykkja og eru þeir einnig samþykktir af The Amerikan-Scandinavian Foundation. Þau sem valin voru tengiliðir hér á landi eru fyrir málverkasýninguna dr. Selma Jónsdóttir, fyrir grafík-

sýninguna Edda Jónsdóttir, nýlistasýninguna Magnús Pálsson, ljósmyndasýninguna Leifur Þorsteinsson, textilsýninguna eða vefnaðarsýninguna Sigríður Jóhannsdóttir og fyrir listiðnaðarsýninguna Stefán Snæbjörnsson.

Fyrir utan þessar listsýningar er m.a. kynning á norrænni leikritun. Eitt verk íslenskt hefur verið valið til kynningar og er það „Stundarfriður“, eftir Guðmund Steinsson. Þá verður mikið um tónlistarflutning. Frumflutt verða í Bandaríkjunum að minnsta kosti þrjú íslensk tónverk eftir þá Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson og Jón Nordal. Þá mun karlakórinn Föstbræður fara í tónleikaferð á þessum tíma og flytja mikið af íslenskri tónlist og norrænni. Þeir munu syngja við opnunaráttir Scandinavia Today í Washington og Minneapolis.

Þá verða margs konar fyrirlestrar fluttir við ýmsar stofnanir og háskóla víða um Bandaríkin. Munu fyrirlestrararnir fjalla um ýmis mál efni svo sem listir, stjórnmál, sögu, arkitektúr, barnabókmenntir, leikrit og skáldsögur, ljóð og kvikmyndir, samfélagsgærd og margt fleira. Tilgangur lestranna er að auka vitund Bandaríkjamanna á menningu Norðurlandanna, svara spurningum sem upp kunna að koma og auka menningartengsl milli Bandaríkjanna og Norðurlandanna, sem vafalaust munu vara löngu eftir 1982.

Er það og markmið menningarkynningar Scandinavia Today eins og segir í kynningarbréfi hennar.

Menningarkynningin stendur til ársloka 1983 en undirbúningur hennar hefur staðið í tvö og hálft ár.

Grafíksýningin

Grafíksýningin verður sýnd í



Tómas Karlsson, til vinstri, og Kristinn Hallsson eiga sæti í sameiginlegri nefnd Norðurlandanna, sem á þátt í að skipuleggja menningarkynninguna miklu.

fimm söfnum víðs vegar um Bandaríkin. Eric Krustkopf forstöðumaður Norrænu menningarmiðstöðvarinnar í Helsinki Finnlandi er umsjónarmaður grafíksýningarinnar tilnefndur af Amerikan-Scandinavian Foundation. Hann velur verkin á sýninguna. Það eru fimm íslenskir listamenn sem taka þátt í þessari sýningu, Björg Þorsteinsdóttir með þrjú verk, Jóhanna Bogadóttir með fimm verk, Jón Reykdal með fjögur verk, Ragnheiður Jónsdóttir með

fjögur verk og fjögur verk verða á sýningunni eftir Þórð Hall.

Grafík-sýningar verða í:

National Academy of Sciences í Washington — 8. sept. 1982, Minneapolis Institute of Arts — 11. sept. 1982, National Academy of Design í New York — 13. sept. 1982, Seattle Center — 20. nóvember 1982, Craft & Folk Art Museum í Los Angeles — júní 1983.

Megininntak grafíksýningarinnar á að vera lýsing á því hvernig listform eins og grafíkin getur haft

bein áhrif á almenningssálitið hvað varðar mál sem eru í deigluinni, segir í kynningarbréfi grafíksýningarinnar. Á Norðurlöndunum hefur grafíkin orð á sér fyrir að vera list almenningssins án nokkurra átaka og nýtur þar mikils almenningshyllis, segir og í bréfinu. Í allt taka þátt í grafíksýningunni 34 listamenn, 9 frá Danmörku, 7 frá Finnlandi, 5 frá Íslandi, eins og áður sagði, 8 frá Noregi og 6 frá Svíþjóð.

Textilsýningin

Beate Sydhoff, forstöðumaður þjóðlistasafns í Stokkhólmi, hefur yfirumsjón með textilsýningunni. Hún valdi héðan 22 verk eftir 4 listamenn. 5 verk eftir Ásgerði Bóadóttur, 4 eftir Guðrúnu Þorkelsdóttur, 7 eftir Rögnu Róbertsdóttur og 6 verk eftir Sigurlaugu Jóhannesdóttur. Sýningin verður opnuð í Fashion Institute of Technology í New York 15. september. Þar á eftir verður hún sýnd á eftirtöldum söfnum:

Textile Museum í Washington — 15. júní 1983, Chicago Public Library í Chicago — 15. mars 1983, Craft & Folk Art Museum í Los Angeles — 15. sept. 1983, Science Museum of Minnesota — 15. des. 1982.


Það eru fjórir listamenn frá hverju Norðurlandanna sem eiga verk á sýningunni en til samans, segir í kynningarbréfi sýningarinnar, gefa verkin góða mynd af stöðu vefjarlistar á Norðurlöndunum í dag. Verkin hafa verið vandlega valin til að sýna hlutverk, fjölbreytni og styrk listarinnar á Norðurlöndunum. Þó getur val verka fyrir svona sýningu aldrei verið dæmigert þegar um er að ræða lýsingu á listgrein hvers lands fyrir sig. Á sýningu þessari verða alls 90 verk á 500 fermetra gólfleti.

Nýlistasýningin


Pontus Hultén er umsjónarmaður nýlistasýningarinnar, sem haldin verður í Guggenheim Museum í New York 13. september 1982 og í Municipal Gallery í Los Angeles í júní 1983. Hultén er Sví og stjórnandi nýlistadeildar Pompidou-safnsins í París og er núna að taka við Borgarlistasafni Los Angeles. Hultén valdi tvo listamenn frá hverju Norðurlandanna fimm og heimsótti hann af því tilefni öll Norðurlöndin nema Ísland. Í Amsterdam í Hollandi eru búsettir tveir nýlistamenn, Sigurður Guðmundsson og Hreinn Friðfinnsson, en þeir áttu verk á Pompidousafninu þegar nýlistadeildin þar var formlega opnuð. Munu þeir verða fulltrúar nýlistarinnar á Íslandi á nýlistasýningu kynningarinnar Scandinavia Today.

Ljósmyndasýningin


Martin Friedman forstöðumaður



Grafíkverk eftir Ragnheiði Jónsdóttur, gert 1975, sem verður á menningarkynningunni.



Grafíkverk eftir Björg Þorsteinsdóttur, sem hún kallar „Úr ríki náttúrunnar II“ og verður á kynningunni.




Textilverk eftir Ásgerði Búadóttur, sem verður á sýningunni „Scandinavia Today“. Hún gerði það 1981 úr ull og hrosshárum.



Pétur Brynjólfsson ljósmyndari í vinnustofu sinni. Myndin er tekin um 1906.



Þessi mynd er tekin af Sigfúsi Eymundssyni um 1890 af fyrstu sundlauginni í Reykjavík í Laugardalnum. Piltarnir voru nemendur í Lærða skólanum í Reykjavík.



Pingvellir. Málverk eftir Þórarinn B. Þorláksson (1867—1924), sem hann gerði árið 1900. Málverkið verður á málverkasýningu Scandinavia Today.

ur, Walker Art Center í Minneapolis, er umsjónarmaður ljósmynda-sýningarinnar sem haldin verður. Markmið sýningarinnar er að gefa nokkra innsýn í þróun ljósmyndunar á Norðurlöndunum frá því fyrir aldamót. Friedman heimsótti öll Norðurlöndin í leit sinni að myndum og kom hingað árið 1980. Áhugi hans beindist einkum að ljósmyndum teknum fyrir síðustu aldamót. Hann valdi hér um 50 myndir. Nokkrar eru eftir Sigfúsi Eymundssón, Pétur Brynjólfsson, Jón Kaldal, Jón J. Dalman og Sigríði Zoëga. Í sýningarskrá ljósmynda-sýningarinnar skrifa auk annarra Leifur Þorsteinsson og Guðmundur Ingólfsson, báðir atvinnuljósmyndarar.

Í kynningarbréfi ljósmynda-sýningarinnar segir að reynt verði að sýna þróun ljósmyndunar á Norðurlöndunum, allt frá fyrstu myndum af ísbreiðum Grænlands og Norðurpólsins, sem teknar voru af norskum og dönskum landkönnuðum, til raunsærra mynda síðustu ára.

Ljósmynda-sýningarnar verða á eftirtöldum stöfum:

Walker Art Center í Minneapolis — 12. sept 1982, Wight Gallery, UCLA í Los Angeles — 3. apríl 1983, Museum of Contemporary Art í Chicago — 5. ágúst 1983 og Portland Art Museum í Oregon — 5. júní 1983.

Listiðnaðarsýningin

David Revere McFadden listfræðingur við Cooper Hewitt-safnið í New York hafði yfirumsjón með vali verka á þessa sýningu, en hann hefir tvisvar komið hingað til lands. Á þessari listiðnaðarsýningu verður að finna um 300 verk, húsgögn, gler, keramik og verk unnin í mál. Verður þetta fyrsta sýning sinnar tegundar í Bandaríkjunum í 25 ár.

Listið er frekar ung hér á landi en elsta verk hëðan sem verður á sýningunni er útsaumaður púði frá um aldamót og er eftir óþekktan listamann.

Listiðnaðarsýningin „Scandinavian Modern 1880—1980“ verður í:

Cooper Hewitt Museum í New York og hefst 13. sept. 1982, The Renwick Gallery í Washington — 24. júní 1983 og Landmark Center í Minneapolis — 27. febr. 1983.

Málverkasýningin

„Turn of the Century“ er nafnið á málverkasýningunni umdeildu, sem opnuð verður í Corcoran Gallery í Washington 8. september 1982. Nokkrar gagnrýni hefur gætt með tímabili það, sem sýningin grundvallast á, þ.e. myndir frá 1880 til 1910.

Sú sem fyrst hafði með höndum skipulagningu þessarar sýningar heitir Jane Livingstone, en hún er listfræðingur hjá Corcoran-safninu í Washington. Hún ferðaðist um öll Norðurlöndin og uppgötvaði á ferðum sínum að mikið er til af afbrigðsgóðum myndlistarmönnum og málverkum frá millistríðsárunum 1918 til 1939. Hún taldi að Bandaríkjamenn þekktu lítið sem ekkert inn á málalaglist þess tíma á Norðurlöndunum og gerði það því að tillögu sinni að efna til sýningar á málverkum millistríðsáranna.

En þar sem Miss Livingstone er einkanlega sérfræðingur í nýlist, dró hún sig til baka með skipulagningu sýningarinnar og skipulagningin var fengin í hendur listfræðingi og prófessor við Brooklyn-safnið í New York, Kirk Varnedoe. Skipulagningu um myndval á Norðurlöndunum hefur Knut Berg, forstöðumaður þjóðarlistasafns Noregs í Osló, með höndum. Varnedoe fékk þá hugmynd að setja upp sýningu á norrænum málverkum sem gerð höfðu verið á árunum 1880 til 1910 sem fyrr segir. Það kemur sér afar illa fyrir Íslendinga þar sem að á þessu tímabili er málalaglist okkar rétt að hefjast og er varla um að ræða annað en að senda tvær myndir eftir Ásgrím Jónsson, sem hann málaði mjög ungur og þrjú verk eftir Þórarinn B. Þorláksson, en alls munu vera um 80 verk á sýningunni.

Stefna Varnedoe er að kynna norræna listmálara í Bandaríkjunum sem þar hafa ekki verið kynntir áður. Þetta hefur skapað mjög mikinn úlfabyt ekki aðeins hér á landi heldur ekki síður á hinum Norðurlöndunum. Í samtali við þá Tómas Karlsson og Kristín Hallsson sem sæti eiga í sameiginlegri nefnd Norðurlandabjódanna, sem fjallar um Scandinavia Today, kom fram að þeir hafa barist mjög eindregið fyrir því að upphafleg hugmynd Livingstones fengi að halda sér, en ekkert hefur gengið. Þá reyndu þeir að teygja tímann lengra fram á tuttugustu öldina og fá í gegn að málverk frá að minnsta kosti 1925 verði á sýningunni, en það hefur heldur ekki gengið. Þannig verða ekki verk á sýningunni eftir Kjarval, Finn Jónsson, Jón Stefánsson, Gunnlaug Scheving og fleiri. Getum við litlu ráðið þar um þar sem einn fjórði af prósentu í heildarkostnaði hefur ekki mikið að segja, sögðu þeir Tómas og Kristinn.

Þykir mörgum það til lítils að hafa sýningu á verkum manna frá þessu tímabili þar sem þeir voru rétt að byrja að mála.

Þáttur forseta Íslands

Einn stærsti hluti Íslands er fölginn í því að forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, opnar formlega menningarkynningu Norðurlanda í þremur borgum Bandaríkjanna, í New York, Washington og Minneapolis, en hinar ýmsu listsýningar verða síðan opnaðar af öðrum, meðal annarra Margréti Danadrottningu og Bertil prins í Svíþjóð. Forseti Íslands flytur vígluræður Scandinavia Today og talar fyrir hönd allra þjóðhöfðingja á Norðurlöndunum. Þá mun forsetinn ferðast nokkuð um Bandaríkin, m.a. til Seattle, Chicago og kannski víðar.

Handrita- og bókasýning

Ástæðan fyrir því að handritin og elstu bækur eru settar á sýningu í Bandaríkjunum er m.a. sú að sögn Tómasar og Kristíns að þeim þótti

norrænar bókmenntir ekki fá viðunandi umfjöllun á kynningunni. Önnur ástæðan er sú sögðu þeir að styrkleiki okkar í bókmenntum kemur greinilega fram í handritum okkar og hafa áhrif á bókmenntir okkar enn þann dag í dag. Íslendingar eru stoltir af þessum forna menningararfi, sem er nánast einstæður í menningu þjóðar, sögðu þeir Tómas og Kristinn.

Þegar þeir voru spurðir að því hvers vegna ekki væru haldnar sameiginlegar sýningar í tengslum við Scandinavia Today á norrænum bókmenntum og arkitektúr, sögðu þeir að þegar rætt var um slíkt í skipulagsnefndinni, sem þeir eiga sæti í, voru ekki allir tilbúnir til að taka þátt í slíkri sýningu. „Við bárum þetta upp hvað eftir annað á fundum okkar með fulltrúum hinna Norðurlandanna en fengum engan stuðning. Hvers vegna það var vitum við ekki. Málið var þannig látið deyja drottinn sínum,“ sögðu Tómas og Kristinn. „Þeir vildu eyða peningunum í annað. Þáttur okkar Íslendinga á sviði bókmennta verður þess vegna fyrst og fremst handritasýningin.“

Guðni Kolbeinnsson sér um skipulagningu handritasýningarinnar í Bandaríkjunum. Í samtali við blm. Morgunblaðsins sagði hann að ekki væri endanlega búið að velja handrit á sýninguna. Líklega yrðu það fimm eða sex Jónsbækur frá 14du og 15du öld, ýmist heilar bækur eða brot, en allt í allt verða það líklega 15 til 20 handrit, sem flutt verða vestur. Þau verða flutt í fínu lagi og fjögur eða fimm í einu og fara íslenskir sendimenn með þeim, en á flugvælinum þegar vestur er komið taka öryggisverðir Pierpoint Morgan-safnsins við gæslu á þeim og fylgja þeim í safnið í New York.

Guðni sagði að eina áhættan í flutningi á handritunum væri ef flugvél með þeim myndi farast, en það eru hverfandi möguleikar. Þá taldi Guðni upp fleiri handrit eins og eitt Íslendingasagna-handrit, uppskriftir af Landnámu, sem sagt ekki elstu handrit Landnámu og eitt blað úr Njáluhandriti. Reynt

verður að hætta ekki allra dýrmætustu gripunum. Handritin verða á safninu í New York í tvo mánuði en verða síðan flutt rakiðis til Íslands aftur.

Pierpoint Morgan-safnið sagði Guðni að hefði mikla reynslu í meðferð handrita og hafði hann farið út til Bandaríkjanna til að athuga allar aðstæður og leist honum mjög vel á. Vildi hann bæta því við og minna á vegna hugsanlegs misskilnings að það eru ekki Bandaríkjamenn sem eru að biðja um að fá handritin heldur fáum við inni á þessu merka safni með okkar handrit.

Safnið er eitt virðulegasta safn í Bandaríkjunum og allt sem þar fer fram fær geysilega mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Þetta er fyrst og fremst safn fornra handrita og bóka og eins eru þar fornir uppdrættir og teikningar. Safnið er staðsett í fyrrum íbúðarhúsi Pierpoint Morgans í New York en hann var með ríkustu mönnum heims um og eftir aldamótin síðustu og var stórveldi í fjármálaheiminum.

Eftir lát sitt gerði Morgan safnið að sjálfseignastofnun og gaf mikið af hlutabréfum sínum til safnsins. Það gefur út rit að staðaldr um rannsóknir þess á ýmsum efnum. Safnið mun standa fyrir ráðstefnu vegna handritasýningarinnar og býður til hennar öllum helstu fræðimönnum um norræn tengsl og menningu í Bandaríkjunum og Kanada og mun það væntanlega verða upphafið að fyrirlestraferð um Bandaríkin, sem getið var hér áður.

Tómas Karlsson og Kristinn Hallsson sögðu í samtalinu við Morgunblaðið að Íslendingar hefðu sennilega sjaldan fengið jafnmikið fyrir jafnlitid og nefndu þeir sem dæmi að fjögur íslensk tónverk af 14 norrænum verða frumflutt í tengslum við menningarkynninguna. Gagnrýnin hefur helst beinst að málverkasýningunni, sem sumir vilja kalla, vegna tímabilsins sem valið er í myndlistinni, „Scandinavia Yesterday“.